

á

Stofnskrá og lög

Alumni félag lagadeildar Háskólans í Reykjavík

I. Heiti

1. gr.

Félagið heitir Alumni félag lagadeildar Háskólans í Reykjavík

Félagið er ófjárhagslegt almennt félag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

II. Tilgangur

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

- a) að stuðla að uppbyggingu og þróun laganáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík,
- b) að standa vörð um hagsmuni útskrifaðra nemenda og lagadeildar Háskólans í Reykjavík í hvívetna,
- c) að efla tengsl og samstarf nemenda sem útskrifast hafa með meistaraþróf í lögum frá lagadeild Háskólans í Reykjavík,
- d) að efla og hvetja félagsmenn til þátttöku í faglegri umræðu um lögfræðileg málefni og hvetja félagsmenn til að taka þátt í rannsóknum í lögfræði.

III. Félagsaðild

4. gr.

Félagið skal vera opið öllum sem hafa lokið meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

IV. Stjórn

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum og tveimur til vara. Stjórnin (aðal- og varastjórn) skal kosin persónukjöri til eins árs í senn á aðalfundi félagsins.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins (eða varastjórn) skulu tilkynna það eigi síðar en á aðalfundi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann, varaformann, gjaldkera og ritara.

Stjórn félagsins getur ráðið framkvæmdastjóra til að sinna tilfallandi störfum í rekstri félagsins.

Kosningar til stjórnar skulu vera skriflegar komi fram ósk þess efnis frá a.m.k. helmingi fundarmanna sem mættir eru á þeim fundi sem kosning fer fram.

6. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda og sér um að framfylgja samþykktum aðalfundar og lögum félagsins.

Stjórn félagsins tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Ef framkvæmdastjóri er ráðinn skal hann annast um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Stjórn félagsins skuldbindur félagið gagnvart öðrum og er undirskrift meirihluta stjórnar nægileg til að skuldbinda félagið. Ef framkvæmdastjóri er ráðinn getur hann komið fram út á við fyrir hönd félagsins og skuldbundið það í málum sem eru innan verksviðs hans.

Meirihluti stjórnar félagsins veitir prókúruumboð fyrir hönd félagsins.

V. Félagfundur – aðalfundur

7. gr.

Félagfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Félagsfundi, aðra en aðalfundi, skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða þegar minnst 15 félagsmenn krefjast þess skriflega, enda segi þeir til um hvers vegna þeir æskja fundar. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin, skal halda fund eigi síðar en innan mánaðar.

Stjórn skal boða til félagsfunda með hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal stuttlega geta þeirra mála, sem fjalla á um á fundinum.

8. gr.

Hverjum félagsfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Atkvæðagreiðsla um málefni á félagsfundi fer eftir því sem fundarstjóri ákveður. Skrifleg atkvæðagreiðsla skal fara fram komi fram ósk þess efnis frá a.m.k. helmingi fundarmanna sem mættir eru á þeim fundi sem kosning fer fram.

Til að mál nái fram að ganga þarf samþykki hreins meirihluta nema annars sé getið í lögum félagsins.

9. gr.

Í gerðarbók félagsins skal rita stutta skýrslu um það sem gerist á félagfundum, sem og allar fundarsamþykktir. Fundargerðir skulu lesnar upp í lok fundar og bornar undir atkvæði. Fundarstjóra er þó heimilt, með samþykki fundarins, að fela fundarritara að ganga síðar frá fundargerðinni.

Fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðir. Það sem skráð er í fundargerð skal vera full sönnun þess, er farið hefur fram á fundinum.

Í gerðarbók skal einnig skrá skýrslu um stjórnarfundum með sama hætti og skal hún undirrituð af öllum viðstöddum stjórnarmönnum.

10. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl mánaðar ár hvert. Hann er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Aðalfundur skal boðað skriflega með bréfi eða með tölvupósti til félagsmanna með minnst tveggja vikna fyrirvara, frá og með útsendingardegi fundarboðs talið, eða auglýsa á annan tryggilegan hátt. Tilkynning á vefsíðu félagsins, eða vefsíðu lagadeildar Háskólans í Reykjavík, telst nægileg tilkynning í þessum efnum. Í fundarboði skal greina frá dagskrá fundarins auk þess sem fundarboði skulu fylgja framkomnar breytingartillögur, sbr. 18. gr. Aðeins félagsmenn eiga rétt til setu á aðalfundi.

11. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

1. Ársskýrsla stjórnar félagsins fyrir liðið starfsár.
2. Stjórn félagsins kynnir reikninga fyrir liðið starfsár sem bornir skulu undir samþykki fundarins.
3. Ákvörðun árgjalds.
4. Stjórnarkosning.
5. Kjör skoðunarmanna reikninga.
6. Önnur mál sem tilgreind eru í fundarboði eða löglega hafa verið fram borin á fundinum.

VI. Reikningsár – skoðun reikninga félagsins

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

13. gr.

Tveir skoðunarmenn skulu kanna reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og árita þá með eða án athugasemda. Skoðunarmenn skulu kosnir á aðalfundi.

14. gr.

Fyrir lok mars mánaðar ár hvert skal gjaldkeri félagsins hafa lokið við samningu reikninga félagsins fyrir liðið reikningsár og sent þá skoðunarmönnum, en þeir skulu aftur hafa sent stjórninni reikningana með athugasemdum innan tveggja vikna.

VII. Árgjald

15. gr.

Félagsmenn skulu greiða árgjald sem rennur í félagssjóð og er ætlað að standa straum af rekstri félagsins. Stjórn félagsins skal leggja tillögu um fjárhæð árgjalds fyrir aðalfund. Gjaldldagi árgjalds er 1. maí ár hvert.

VIII. Ýmis ákvæði

16. gr.

Stjórn félagsins setur reglur um kjör heiðursfélaga og um merki félagsins, en heiðurfélagi skal hafa leyst af hendi mikilsverð störf fyrir félagið og eða lagadeild Háskólans í Reykjavík. Val á heiðursfélagi skal staðfest á félagsfundum.

17. gr.

Stjórn félagsins getur vikið félagsmanni úr félaginu ef hann hefur brotið lög félagsins eða með öðrum hætti sýnt af sér háttsemi sem er andstæð hagsmunum félagsins. Félagismaður sem vikið er úr félaginu af stjórn þess getur borið brottvísun undir almennan félagsfund, sem á endanlegt úrskurðarvald í þeim efnum.

Áður en tekin er ákvörðun um brottvísun skal gefa félagsmanni kost á að tjá sig um hina fyrirhuguðu ákvörðun.

18. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á lögsmætum aðalfundi, enda greiði 2/3 fundarmanna atkvæði með breytingunni. Tillögur að breytingum þurfa að hafa borist stjórninni svo tímanlega að þeirra sé hægt að geta í fundarboði.

19. gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og þá aðeins að 4/5 atkvæðisbærra félagsmanna samþykki þá ráðstöfun. Við félagsslit skal skipa þrjá fulltrúa í sérstaka skilanevnd. Við slit félagsins skulu fjármunir þess renna til Menningarsjóðs Lögréttu félags laganema við Háskólann í Reykjavík.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði I. til bráðabirgða.

Þeir sem þátt taka í stofnundi félagsins og undirrita á honum samþykktir þessar eða innan tveggja vikna frá stofnfundi skulu teljast stofnfélagar Alumni félags lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Ákvæði II. til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði IV. kafla stofnskrár og laga þessara um kjör stjórnar félagsins skal á stofnfundi félagsins heimilt að taka við framboðum eða tilnefningum fundarmanna um hverjir skuli skipa stjórn

félagsins fram til fyrsta aðalfundar félagsins sem haldinn skal fyrir lok apríl 2011. Skal á stofnfundi félagsins kosið um þau framboð sem kunna að koma fram á fundinum.

Ákvæði III. til bráðabirgða

Að fyrsta aðalfundi félagsins loknum falla ákvæði I. – III. til bráðabirgða út úr stofnskrá og lögum félagsins.

Þannig samþykkt á stofnfundi Alumni félags lagadeildar Háskólans í Reykjavík þann 11. nóvember 2010.